

UMBOÐ VEGNA TOLLMÍÐLUNAR

Dagsetning:

Viðskiptamaður:

Kennitala:

Forsvarsmáður:

Heimilisfang:

Sími:

Netfang:

VINSAMLEGAST MERKIÐ VIÐ ÞAÐ SEM VIÐ Á:

- Almennt umboð
 Umboð vegna eftirfarandi vörusendinga (sendinganúmer):
- Viðskiptamaður hefur gilt leyfi tollyfirvalda til SMT tollafgreiðslu
 Viðskiptamaður hefur greiðslufrest á aðflutningsgjöldum hjá tollyfirvöldum
 Viðskiptamaður hefur hvorki leyfi tollyfirvalda til SMT tollafgreiðslu né greiðslufrest á aðflutningsgjöldum hjá tollyfirvöldum

SKILMÁLAR UMBOÐSINS:

- Eimskip Ísland ehf., kt. 421104-3520, Korngörðum 2, 104 Reykjavík (hér eftir nefnt Eimskip) hefur starfsleyfi til tollmiðlunar skv. tollalögum nr. 88/2005, með síðari breytingum (hér eftir nefnd tollalög) og veitir eftirtalda þjónustu í tengslum við tollafgreiðslu vöru; ráðgjöf við gerð tollskjala, svo sem tollflokkun og útreikning aðflutningsgjalda, tollskýrslugerð, beiðni um tollafgreiðslu vöru og greiðslu aðflutningsgjalda fyrir hönd innflytjanda.
- Með umboði þessu veitir viðskiptamaður Eimskip fullt og ótakmarkað umboð til að koma fram fyrir hans hönd gagnvart tollyfirvöldum í samræmi við heimildir tollalaga og reglugerða settra með stoð í þeim, til að undirrita skuldbindandi ábyrgðaryfirlýsingu á tollskýrslu yfir vörur sem tollafgreiddar eru í nafni viðskiptamanns samkvæmt umboði þessu og til að óska eftir skuldfærslu hjá viðskiptamanni á aðflutningsgjöldum vegna þeirra vara sem tollafgreiddar eru í nafni viðskiptamanns samkvæmt umboði þessu í samræmi við þær heimildir sem viðskiptamaður hefur til greiðslufrests á aðflutningsgjöldum hjá tollyfirvöldum.
- Viðskiptamaður skal greiða Eimskip þóknun fyrir þau verk og þá þjónustu sem félagið veitir viðskiptamanni á grundvelli umboðs þessa samkvæmt gildandi gjaldskrá félagsins á hverjum tíma, ef ekki er um annað samið.
- Umboð þetta tekur gildi við undirritun og skal gilda í eitt ár frá þeim tíma. Hafi umboðinu ekki verið sagt upp 30 dögum fyrir lok gildistíma umboðsins skal umboðið endurnýjast sjálfkrafa til eins árs í senn. Umboðið er uppsegjanlegt af hálfu beggja aðila hvenær sem er á gildistíma þess með 30 daga fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti og skal taka gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögnin var send af stað.
- Almennir þjónustuskilmálar Eimskips, eins og þeir eru á hverjum tíma, skulu gilda um öll verk og alla þjónustu sem Eimskip tekur að sér fyrir viðskiptamann samkvæmt umboði þessu, en skilmála þessa er að finna á heimasíðu félagsins eimskip.is og fást einnig afhentir á skrifstofu þess. Almennir þjónustuskilmálar Eimskips eru felldir inn í umboð þetta og skulu vera hluti af því. Með undirritun umboðsins staðfestir viðskiptamaður að hann hafi kynnt sér þessa skilmála og að hann samþykki að þeir séu hluti af umboðinu.
- Aðilar eru sammála um að undirritað umboð sem sent er með rafrænum hætti til Eimskips jafngildi frumriti þess.

Fyrir hönd viðskiptamanns:

Nafn

Kennitala